EON arkitektar :

Upphaf byggingalistar og tenging við náttúruna

Texti: Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson. Myndir: Páll Jökull Pétursson o.fl.

Lífið er hringrás sem birtist í ótal myndum. Þróun samfélagslegs og manngerðs umhverfis á uppgangstímum hefur tilhneigingu til að færa manninn frá náttúrunni og upphaflegum gildum.

Ísland hefur gengið í gegnum ótrúlegar sveiflur á síðustu 60 árum. Bláfátæk þjóð fyrir stríð, framfarastig lágt og lífsgæði bág í samanburði við nágrannaþjóðirnar. Fram eftir síðustu öld var algengt að búið væri í torfbæjum hér á landi.



Torfbæirnir eru frumstæð hús, þeim svipar til jarðhýsa sem voru fyrsta byggingarform manna á tímum nýsteinaldar. Aðalbyggingarefnið í kofunum var mold og torf, líkt og í íslensku torfbæjunum. Jörðinni var lyft upp og burðarbitar úr trjám, sem þaktir voru jarðvegi, mynduðu þak. Fræðimenn hafa í gegnum tíðina talið hina frumstæðu „kofa" forfeðra okkar vera upphaf menningar og hins eiginlega forms byggingalistar.

Samkvæmt kenningum fræðimannsins Laugiers um byggingalist er upphaf og uppspretta hennar í sínu einfaldasta formi þrjú rótföst tré í náttúrunni með samanfléttaða trjáboli, með opi á milli þeirra þar sem greinar þeirra mætast í mæni og mynda þak. Laugier var uppi á 18. öld.

Þessi uppbygging á skýli sem mótað er úr náttúrunni í sinni einföldustu mynd er í raun frummynd allrar byggingalistar.

Við Íslendingar erum eflaust nær upprunanum en flestar vestrænar þjóðir. Við þekkjum rætur okkar og náttúran gegnir stóru hlutverki í okkar daglega lífi. Hugmyndir sem leiða til samruna bygginga og náttúru koma sterkt fram í sögu íslenskrar byggingalistar og eru sýnilegar víða um land. Eftir efnahagsuppgang síðustu ára erum við nú í endurskoðunarferli þar sem horft er aftur til hinna upprunalegu gilda og leitað er svara í upprunanum, líkt og fræðimaðurinn Laugier gerði.

Hefðbundið lag á íslenskum torfbæ.

Hlaðið skýli sem Víglundur gerði með tveimur aðferðum. Neðri hlutinn er hlaðinn samkvæmt fornri hleðsluhefð, en efri hlutinn er nútímaleg útfærsla. Á gafli hússins, ofan við hleðsluna, berst inn birta sem lýsir upp skýlið.

Arkitektúr í náttúrunni – náttúran í arkitektúrnum

SKÝLI, MANNGERT RÝMI Á JÖRÐ EÐA OFAN Í JÖRÐ.

Eon arkitektar 2001.

Í hlaðna húsinu hér að ofan er óregluleg náttúran beisluð og falin bak við snilldarlega hleðslu. Líta má á þetta mannvirki sem þverskurð í náttúruna, og hvernig maðurinn vinnur með hana. Upp úr moldargólfinu rís hleðslan - fyrst óregluleg og frumstæð eins og náttúran sjálf, en síðan tilhöggvin og í öguðu formi. Lýsandi dæmi um að maðurinn reynir að temja Móður náttúru. Ofan á hleðslurnar á gafli mannvirkisins kemur annars konar burðarvirki - timburflekar með mjóum, lóðréttum opum sem minna á samspil sólargeisla og trjástofna, skugga og ljóss.

Hlaðinn tyrfður veggur verður hluti náttúrunnar.

Ofan á þaki Heklusetursins rís Heklustofa upp úr grasi og hraunlögðu þaki byggingarinnar.

HEKLUSETUR - ELDFJALLAMIÐSTÖÐ Á ÍSLANDI

Eon arkitektar 2001-3

Í Heklusetrinu er líkast því sem kraftar jarðar hafi ýtt upp jarðvegi og hrauni og myndað pláss fyrir bygginguna sem hefur verið komið þar fyrir. Heklusetrið samlagast umhverfi sínu á þann hátt að það lítur út fyrir að hraunbreiðunni hafi verið lyft upp til þess að koma húsinu fyrir undir henni. Þakið er hrauni lagt, hleðslur og hraunlagðir veggir mynda gjár, og ofan frá er upplifunin af byggingunni sem hún sé lítill kofi inni í hrauni lagðri rétt.

Hér er um að ræða nýbyggingu, hannaða annars vegar inn í krefjandi landslag sem mótast hefur af nálægð eldfjallsins Heklu og hins vegar byggða á aldagömlum hefðum í íslenskri byggingalist. Þannig mótar upplifunin á landslaginu bygginguna með tilvísun í söguna. Byggingin er síbreytileg þegar gengið er í kringum hana og innandyra, þar sem hvert sjónarhorn gefur nýja upplifun og skilning á umhverfinu. Náttúruleg efni einkenna bygginguna, þar sem hraun er í aðalhlutverki og Hekluhraunið þannig notað sem byggingarefni á hefðbundinn og nýstárlegan hátt. Þök hússins eru bæði lögð hrauni og torfi og þak ráðstefnusalarins er ein hraunbreiða þar sem hraunið lekur niður þakkantinn eins og það hafi storknað þar.

SAFN NEÐANJARÐAR

Safnið í Heklusetrinu er byggt ofan í hraunið og landið gengur yfir þannig að samspil hrauns og torfs í frágangi utanhúss vitnar í íslenska sögu. Grunnurinn að tæknilegri útfærslu byggingarinnar er að beita nútímatækni og að fella bygginguna inn í landslagið með hefðbundnum fornum, íslenskum aðferðum. Landslagið umlykur bygginguna og samanstendur ytri umgjörðin af þakgörðum í mismunandi hæðum. Þannig er þak ráðstefnusalarins mosavaxin hraunbreiða sem teygir sig í átt til Heklu og Búrfells. Ofan á byggingunni er síðan herbergi sem rís upp úr landinu og frá vissu sjónarhorni virðist sem þarna sé einungis eitt lítið manngert rými.

Inngangurinn í Heklusetur er sem gengið sé inn í hraunvegg.

HÚSIÐ Í TRJÁNUM

Grenihvammur, byggt 2006. Eon arkitektar.

Annað gott dæmi um hús sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi sínu, er Grenihvammur, hús sem er órjúfanlegur partur af skóginum og skógurinn órjúfanlegur partur af húsinu. Timburklæddir veggfletir, súlur og gluggakarmar inni í húsinu tengjast stofnum grenitrjánna sem umlykja það og eru sem náttúrulegt framhald af skóginum. Þakið er sem trjákróna sem skýlir íbúum þess og uppfyllir húsið á þann hátt þá tilfinningu sem leitað er eftir þegar fólk vill komast aftur til upprunans í kyrrlátri náttúrunni, burt frá skarkala borgarlífsins.

Grenihvammur. Húsið er órjúfanlegur partur af skóginum.

Síðasti hluti gönguleiðarinnar að lauginni er í gegn um hraunhól með hlöðnum veggjum sitt hvorum megin. Yfirumsjón yfir þessu verki hafði Róbert Róbertsson skrúðgarðyrkjumeistari.

Óviðjafnanlegt útsýni er fyrir gesti laugarinnar, Hekla blasir við í öllu sínu veldi.

VÍKINGALAUG AÐ LEIRUBAKKA, SAMSPIL HRAUNS OG VATNS

Eon arkitektar 2001

Hraunbreiðunni er lyft upp og hún notuð sem efniviður í manngert umhverfi Víkingalaugar í Hekluhrauni, skammt frá Heklusetrinu í Landsveit. Þegar maður nálgast þetta mannvirki er sérstök upplifunin sú að landið hafi verið rofið og gengið sé niður úr grasflöt eftir sprungu sem heit laug hefur myndast í. Laugin er mynduð af affallsvatni frá hitaveitunni í Heklusetrinu, en hugmyndin að Víkingalauginni er tilkomin út frá nýtingu þessa affallsvatns. Vatninu er stýrt þannig að það myndar foss sem rennur niður hraunið og ofan í laugina. Óreglulegar en skipulagðar hraunhleðslur mynda skurð eða gönguleið um staðinn og náttúrulegt skjól fyrir skiptiaðstöðu baðgesta. Ásamt vatninu er notkun hraunsins og hleðslan áhrifamikil og enn áhrifameiri þegar Hekla blasir við laugargestum þegar þeir eru ofan í lauginni.

AF JÖRÐU ERTU KOMIN

Hús í Kjós, byggt 2007. Eon arkitektar.

Katrínarhús er á margan hátt áþekkt skýli sem lætur lítið yfir sér í náttúrunni. Undir klettunum rís húsið, byggt og klætt náttúrulegum efnum. Klæðning hússins er óáborin Jatobatimburklæðning, sem veðrast á náttúrulegan hátt, samlagast og verður með tímanum partur af umhverfi sínu. Efni eins og þetta breytist í útliti eftir veðri og með tímanum blandast það smám saman jörðinni á ný. Húsið er lýsandi dæmi um hvernig manngert skýli getur risið upp úr landinu og verið partur af náttúrunni sem það er í. Þakið er klætt lyngi og tilsýndar lítur út fyrir að húsinu hafi einfaldlega verið lyft upp úr jörðinni. Á því eru fletir úr náttúrulegum efnum sem mynda skjól fyrir veðri og vindum. Hið stórfenglega umhverfi flæðir svo um stóra gluggafleti inn í húsið.

Katrínarhús fellur vel að umhverfi sínu.

„Mótun byggingalistarinnar út frá sögu lands og þjóðar, sjónræn upplifun og tenging hennar við umhverfið er okkur mikilvæg. Við höfum lagt metnað okkar í að vinna út frá þeim grunni þar sem við höfum haft tækifæri til, og tenging verka okkar við umhverfið er sýnileg á mörgum stöðum. Markmið okkar er að sameina nútíma arkitektúr og rótgróna íslenska siði og venjur í byggingarlist í eina heild. Sú heild virkar fyrir íslenskt veðurfar og náttúru og passar inn í hið hraða hátæknisamfélag nútímans."

Eon arkitektar, Hlédís og Gunnar

Í gegnum tíðina hafa menn leitað leiða til að laga hið manngerða skýli að náttúrunni og í nútíma arkitektúr hafa meistararnir samið sinn óð til náttúrunnar.

TRÉN ERU UMGJÖRÐ UM ÍVERURÝMIN

Research House 1932 - Richard Neutra

Húsið er óður arkitektsins Neutra til upprunans. Þróun glers sem byggingarefnis hefur á seinni tímum skapað óendanlega möguleika á samruna innri rýma og náttúru sem nýtt er til hins ítrasta í húsi Neutra. Notkun glers í ytra byrði byggingarinnar gerir nánd við náttúruna mikla þannig að glerið í burðarvirki hússins, sem mótað er úr trjánum, er hluti af heildarmynd. Arkitektinn var heillaður af náttúrunni og það kemur sterkt fram í þessu húsi sem hann byggði fyrir sjálfan sig.

FULLKOMINN SAMRUNI HINS MANN-GERÐA OG HINS NÁTTÚRULEGA UMHVERFIS

Wayfarers Chapel 1951 - Frank Lloyd Wright Jr.

Glerkirkjan *Wayfarers Chapel* er dæmi um einstaka byggingalist þar sem náttúran fléttast saman við fíngert burðarvirki bænahússins og verður órjúfanlegur partur af upplifuninni. Byggingarefnin eru tekin beint úr náttúrunni, úr nærliggjandi umhverfi. Grjótið og trén eru tengd saman með gegnsæju glerinu og er sem altarið standi í miðjum trjálundinum.

MANNGERÐ INNSETNING Í NÁTTÚRUNA

Corbusier -upplifum frumstæðan steinaldar arkitektúr í nútímalegri kirkju.

Notre Dame du Hut er hið einfalda manngerða skýli, útfært í kapellu, þar sem hið mjúka náttúrulega form byggingarinnar, með yfirgnæfandi þaki, minnir á einfalda leirkofa með stráþökum. Slíkir kofar voru fyrstu skýlin sem

Verður hin manngerða náttúra framtíðarinnar stórborgir þar sem skýjakljúfar verða að frumskógi sem leysa þann náttúrulega af hólmi?

menn gerðu úr þeim efnum sem landið hafði upp á að bjóða. Hér sést að með einföldum formum er auðvelt að reisa tilkomumikla byggingu sem vísar í náttúruna og hefðir mannsins, og er í fullkominni sátt við umhverfið án þess að missa sjálfstæði og stíl.

Tréhús framtíðarinnar, samruni tæknilegra framfara og afturhvarfs til hugmyndanna um *„Primitive hut"*.

HÚSIN Í TRJÁNUM, O2-HÚSIÐ.

Átök milli „framúrstefnu" byggingalistar og náttúru, framandi hlutir, lífræn form og framtíðarsýn í skóginum.

Eco tréhúsið.

Hugmyndin er sú að í framtíðinni muni menn leita aftur til hugmynda um húsið í trénu, en á róttækan hátt. Framtíðarhugmyndum bandaríska arkitektsins Buckminsters Fuller um byggð form er stillt varlega upp í náttúrunni í greinum trjánna, eins og skúlptúr án röskunar á umhverfi sínu. Trén verða undirstaða og umgjörð svífandi hluta og framúrstefnulegar hugmyndir um íverustað. Buckminster Fuller er þekktur fyrir hugmyndir sínar um kúluhús sem byggð eru upp af þríhyrningum.

HÚSIN Í TRJÁNUM, FAB HÚSIÐ.

Samruni „framúrstefnu"-byggingalistar og náttúru. Náttúran tekur yfir hið manngerða.

Hér er hugmyndin sú að í framtíðinni leiti menn aftur til náttúrunnar á róttækan hátt - afturhvarf til upprunans, sbr. kenningar Laugiers um *„Primitive hut"*. Í stað þess að byggja húsin munum við rækta þau. Í stað þess að áherslan sé á umhverfisvænt umhverfi húsa þá verður húsið sjálft umhverfið. Í FAB-húsi er vexti trjáa og annarra náttúrulegra efna stýrt á róttækan hátt utan um hugmyndir mannsins um „að rækta hús sitt", sem þannig verði virkur þátttakandi í hinni lifandi náttúru. ■

Fab húsið.